



Kæru iðjubjálfar nær og fjær - til hamingju með daginn!

1. maí 2020

„Iðjubjálfar leggja áherslu á tækifæri og rétt allra til iðju og þátttöku.“

„Menntun og störf kvenna eru einfaldlega ekki talin eins verðmæt og karla.“

„Byggjum réttlátt þjóðfélag“

Þessi skilaboð hafa kannski aldrei verið jafn mikilvæg og einmitt nú á tímum heimsfaraldurs hvers afleiðingar eru af áður óþekktri stærð. Við iðjubjálfar erum sérfræðingar í daglegri iðju fólks og leggjum ríka áherslu á tækifæri og rétt allra til iðju og þátttöku. Hætta er á því að faraldurinn og fylgifiskar hans auki enn frekar á fátækt og tækifærisleysi hópa í viðkvæmri stöðu.

Í krafti þekkingar, samstöðu og mannvirðingar hefur íslensku samfélagi tekist að vernda heilsu fólks og fyrirbyggja að velferðarkerfið hrynji vegna COVID-19. Stjórnvöld hafa nýtt viðurkennt verklag í aðgerðum sínum. Það byggir á vísindum, þverfaglegri teymisvinnu, þekkingu og reynslu þar sem háskólamenntað fólk úr ólíkum fræðigreinum leggur í þúkið. Nýsköpun dettur nefnilega ekki af himnum ofan, hún verður til vegna þess að skapandi manneskjur nýta þekkingu sína og færni til að láta hugmyndir verða að veruleika. Einmitt núna er brýnt að stjórnvöld auki til muna fjárfestingu í menntun og nýsköpun til framtíðar.

Heilbrigðisstarfsfólk hefur unnið undir gríðarlegu álagi undanfarnar vikur hvort sem það er á vettvangi sjúkrahúsa, velferðarþjónustu eða hjúkrunarheimila. Við skulum ekki gleyma því að hér er um að ræða vinnustaði sem hafa glímt við niðurskurð, manneklu og álag árum saman. Iðjubjálfar eru þarna ekki undanskildir. Þekkt er að starfmannavelta á stærstu vinnustöðunum er allt að 25%. Helsta ástæða þess að iðjubjálfar hætta þar störfum og leita annað eru lág laun og mikið álag.

Kjarabaráttan er endalaus og brekkan brött. Það sem hefur einkennt samningaviðræður á opinberum vinnumarkaði síðasta árið er sú varnarbarátta sem stéttarfélag háskólamenntaðra hafa þurft að heyja. Þannig hafa viðsemjendur viljað ganga á ýmis réttindi og gæði sem launafólk hefur barist fyrir í kjarasamningum um árabíl. Nefna má neysluhlé, yfirvinnukaup og fastar álagsgreiðslur sem dæmi. Allt í nafni þess að mæta kostnaði.

Þrátt fyrir að nú blasi það við hversu mikilvægt háskólamenntað heilbrigðisstarfsfólk er fyrir almannaðjónustuna og velferðarkerfið þá skilar það sér illa í launaumslagið, sér í lagi hjá kvennastéttum. Ég fullyrði að án vinnuframlags kvenna væri baráttan við kórónuveiruna ómöguleg. Kvenréttindafélag Íslands dregur það einmitt fram í tilefni dagsins að konur standi vaktina í framlínu baráttunnar við COVID-19. Þær eru 75% af starfsfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu, 76% starfsfólks í fræðslustarfsemi og 57% þeirra sem starfa við þjónustu og verslun. Heimsfaraldurinn afhjúpi rangt verðmætamat vinnumarkaðarins. Störf kvenna séu undirstaða samfélagsins og kjörin þurfi að endurspegla það.

Ég tek undir þessi orð og finn hvergi í huga mínum aðra skýringu en þá að þarna vegi viðhorfin þýngst. Menntun og störf kvenna eru einfaldlega ekki talin eins verðmæt og karla. Þessu verður að linna!

Baráttukveðja, Þóra Leósdóttir formaður Iðjubjálfafélags Íslands